

Fundargerð Skólaráðs

Dagsetning og tími: 11.1.2018 – 15:00

Fundarstaður: Stofa 1

Mættir:

Elfa Birkisdóttir – Skólastjóri

Bjarni Daníel Daníelsson, fulltrú foreldra grunnskóladeildar

Ragnhildur Sævarsdóttir, fulltrúi foreldra leikskóladeildar

Thelma Rún Jóhannsdóttir, fulltrúi nemenda

Hallbera Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna grunnskóladeildar

Magnús Huld Sigmarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar

Forföll:

Hörður Bergsteinsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Fundargerð:

1. Fjárhagsáætlun
Elfa kynnir fjárhagsáætlun sem að sveitarstjórn er búin að samþykkja með smávægilegum breytingum.
2. Bókasafn
Bókasafnið er hætt að koma til okkar einu sinni í viku. Það þarf að skoða nýjan samning varðandi þetta.
3. Smíðakennsla
Ákveðið hefur verið að hætta smíðakennslu þar til að viðunandi húsnæði hefur fengist. Fagið breytist úr smíði í „hönnun með áherslu á nýsköpun og nýsköpunarmennt“.
4. Aðstaða í HÍ
Bjarni fór lauslega yfir fund sem að hann átti með manni frá HÍ til að bæta aðstöðuna sem við erum að leigja fyrir list og verkgreinar í háskólanum.
5. Húsnæðismál
Ástand húsnæðismála er óviðunandi og skólaráð væntir þess að unnið verði að lausn að húsnæðisvanda sem fyrst svo hægt sé að skipuleggja næsta skólaár.

Fundargerð ritaði: Hallbera Gunnarsdóttir

Næsti fundur er boðaður samkvæmt áætlun af skólastjóra